

**H**ópurinn átti að fara út í maí en vegna fuglaflensunnar var landinu lokað og við fórum ekki af stað fyrr en í júlí," segir Laufey Jónsdóttir sem ættleiddi dótturina Ásgerði Jíng frá Kína árið 2003. Laufey segist hafa upplifað mikla sorg þegar landinu var lokað vegna sjúkdómsins. Hún hafði þegar fengið myndir af dótturinni en vissi lítið hvað myndi gerast. „Að eignast barn var alltaf fjarlægur draumur. Mér fannst ólíklegt að hann myndi rætast en ég vildi láta á þetta reyna. Þegar landinu var lokað biðum við í óvissu sem var mjög erfið því við vissum ekki hvernig börnin hefðu það eða hvort þau væru yfirhöfuð á lífi. Eftir tvo mánuði opnaðist landið aftur og sem betur fer voru þau öll frísk.“

**Dásamlegt að einstæðir fái líka að ættleiða**

Laufey er í sístækkandi hópi einstæðra kvenna sem ættleitt hafa barn. Hún telur að gerðar séu meiri kröfur til einhleyptra og sér í lagi í sambandi við menntun og félagslega og fjárhagslega stöðu. Hún segir ættleiðingarferlið hafa tekið um tvö ár. „Að mínu mati er dásamlegt að einhleypir hafi tækifæri til að fara þessa leið og við erum orðnar nokkuð margar konurnar hér á landi sem höfum ættleitt en ég vildi sjá karlana líka," segir hún en bætir að spurð við að hún muni ekki ættleiða fleiri börn. „Ásgerður Jíng dugar mér. Kerfið er líka ódruvísi í kringum einhleypa en hjón að því leytni að hjón komast fyrr að aftur. Ég ætla að einbeita mér að Ásgerði Jíng og gera hennar líf sem best.“

**Eðlileg viðbrögð barns við óeðlilegum aðstæðum**

Ásgerður Jíng kemur frá borginni Huanggang sem er í miðju Kína. Hún var á barnaheimili á daginn en í fóstri á næturnar. Laufey segir aðbúnaðinn hafa verið góðan og að öll börnin hafi verið í ágætu yfir-læti. „Ásgerður var orðin 17 mánaða þegar ég fékk hana og á þeim tíma hafði hún byggt upp tengsl og var farin að læra að treysta og elska og annað sem því fylgir. Hún tók þessari breytingu því gífurlega illa og sjokkeraðist hreinlega," segir Laufey þegar hún rifjar upp fyrsta fund þeirra mæðga. „Ég hafði undirbúið mig fyrir ýmslegt en ekki að hún tæki þessa svona illa. Ég fékk á tilfinninguna að barnið sem ég hafði beðið svo lengi eftir vildi mig ekki. Auðvitað var það ekki þannig, þetta voru eðlileg viðbrögð barnsins við óeðlilegum aðstæðum en það tók hana mjög langan tíma að jafna sig," segir Laufey og bætir aðspurð við

að vissulega hafi þetta einnig verið erfið fyrir hana. „Það er samt erfiðt að lýsa tilfinningunni. Ég sá að henni leið ekki vel og því var mín liðan verri fyrr vikud. Sem betur fer var ég með aðstoðarmanneskju og í frábærum hóp sem studdi mig í gegnum þetta," segir hún og bætir við að það sé nauðsynlegt fyrir einhleypa að hafa aðstoðarmanneskju með í svona ferðalagi. Laufey segir að Ásgerður Jíng sé enn tiltölulega tortryggin og eigi erfiðt með að treysta öðrum en móður sinni en að það sé allt að koma. „Það tók hana langan tíma að vinna úr þessu en í dag er frábært að fylgjast með henni og sjá hvað hún er farin að dýrka ákveðna aðila innan fjölskyldunnar og treysta þeim," segir hún stolt.

**Góða konan í Kína**

Aðspurð segist Laufey leyfa Ásgerði að stjórna umræðunni um fortíð hennar. „Hún spyr mig stundum hvaðan hún komi og þá leyfi ég henni að stjórna samræðunum. Ef vinconur hennar úr leikskólanum eru að eignast systkini vill hún vita hvenær hennar systkini kemur og svo er hún stundum með vanga-veltur yfir því hvort hún hafi komið úr maganum á mér. Ég hef kosið þá leið að segja henni frá góðu konunni í Kína. Ég kalla hana ekki mömmu hennar, því ég er mamma hennar. Ég segi henni frá þessari vindslegu konu sem var svo góð að leyfa okkur að kynnst og leyfa mér að vera mamma hennar. Hún er alsæl með þetta. Þegar hún spyr hvar hún hafi verið bendi ég á hjartað í mér og segi henni að hún hafi alltaf verið í hjarta mínu. Það finnst henni æðislegt og leggst á hjartað.“

**Heimsækjum vonandi Kína saman**

Laufey er ákveðin í að hjálpa dóttur sinni að halda í kínversku arfleifðina. „Ég ákvað að halda nafninu Jíng en börnin á barnaheimilinu báru þrjú nöfn. Hún hét Huang Xiao Jíng en fyrsta nafnið kemur frá borginni, annað er nafnið á barnaheimilinu sem ég ákvað að leyfa henni að halda, en nafnið þýðir aðdáun eða virðing. Ef við höfum tækifæri í framtíðinni ætlum við að heimsækja Kína og við tölum reglulega um það við hópinn okkar," segir Laufey og bætir við að hópurinn sem hafi farið saman til Kína haldi mjög góðu sambandi sín á milli. „Við erum perluvinir og höfum myndað góð tengsl áður en við fórum út og deildum svo sorgum og gleði í ferðinni. Þessi hópur er í rauninni mikill stuðningur og hefur veitt mér mikla hjálp og aðstoð.“

**Laufey Jónsdóttir** er í sístækkandi hópi einstæðra kvenna sem ættleitt hafa barn. Árið 2003 fór Laufey til Kína að sækja dóttur sína Ásgerði Jíng sem var 17 mánaða þegar þær mæðgur hittust. Ásgerður var lengi að venjast breyttum aðstæðum en hefur tekið móður sína í sátt í dag.

# Nafnið Jíng þýðir aðdáun eða virðing



Frændfólk Ásgerður Jíng með frændum sínum og frænku.



Sætar saman Ásgerður Jíng með mömmu sinni á ísafirði en þar búa þær mæðgur.



Á skíðum Ásgerður Jíng á skíðum á Seljalandsdal um páskana.



Fyrsta brosið þessi mynd er í miklu uppáhaldi hjá Laufeyju enda fyrsta myndin af Ásgerði Jíng brosandí.

Algjör dúlla Ásgerður Jíng á 4 ára afmælisdeginum sínum.



Fyrsta myndin Fyrsta myndin sem Laufey fékk af dóttur sinni sem er 10 mánaða á myndinni.



Fyrsta myndin saman Mæðgurnar hittast í fyrsta skipti. Ásgerður Jíng var ekki sátt til að byrja með.

# Gæti ekki elskað þau meira

Hjónin **Ingibjörg Guðný Marisdóttir** og **Örn Benedikt Sverrisson** höfðu lengi reynt að eignast börn áður en þau ákváðu að ættleiða. Árið 2002 náðu þau í soninn **Magnús Orra** til Indlands og árið 2004 sóttu þau dótturina **Maríu Rós** til Kína. Ingibjörg segist helst sjá eftir að ættleiða ekki fyrr enda er hún í skýjunum með börnin sín tvö.

**V**ið fengum upplýsingar um soninn í janúar 2002 og fórum og náðum í hann í júlí," segir Ingibjörg Guðný Marisdóttir en hún og eiginnámaður hennar, Örn Benedikt Sverrisson, ættleiddu tvö börn, soninn Magnús Orra frá Indlandi og dótturina Maríu Rós frá Kína. Þau höfðu reynt allt til að eignast barn en án árangurs og ákváðu loks að ættleiða, ákvörðun sem þau sjá ekki eftir í dag. „Ég vildi bara að við hefðum byrjað fyrr á ættleiðingunni. Það er hins vegar ómögulegt að segja til um glasafjöggunina og hver og einn verður að gera sitt þangað til hann er sáttur. Það að eignast barn gefur lífinu svo mikið gildi, sama hvernig börnin koma til manns.“

**Ólýsanleg tilfinning að fá barnið**

Ingibjörg segir mikinn mun á að ættleiða frá Indlandi eða Kína. Þegar þau Örn hafi sótt soninn til Indlands hafi þau eytt næstum öllum tímanum uppi á hóteliherbergi til að reyna að kynnst

honum sem best. „Indverjarnir líta á þetta sem meiri skömm, að þurfa að gefa börnin frá sér. Þetta er meira feimnismál hjá þeim. Það var samt algjört ævintýri að fara á báða staði. Hún segir tilfinninguna sem kom yfir hana þegar hún fékk soninn í fangið ólýsanlega. „Við vorum leidd inn á skrifstofu þar sem okkur var sagt frá barnaheimilinu en ég gat ekkert hlustað því ég var svo spennat að fá barnið og fannst þessi hálf tími sem við eyddum á skrifstofunni heil eilífið. Þegar við sáum svo drengina urðu miklar hræringar í tilfinningalífinu og ég þekkti hann um leið. Hjartað tók heljarstökk og þegar ég tók hann í fangið vissi ég að þetta væri mitt barn. Það gat ekki verið öðruvísi og þarna vissi ég að ég hafði þurft að biða í þessi 17 ár eftir honum því hann var einfaldlega ekki tilbúinn fyrr.“

**Skiptir ekki máli hvaðan gott kemur**

Ingibjörg og Örn sóttu um aðra ættleiðingu stuttu eftir að þau komu heim til Íslands með Magnús

Orra. „Í fyrstu ætluðum við aftur til Indlands en þá breyttust reglurnar og við vorum orðin of gömlu til að ættleiða þaðan. Þá virðuðum við okkur yfir í Kína enda skiptir ekki máli hvaðan gott kemur," segir Ingibjörg brosandí. Ferlið tók styttri tíma í þetta skiptið og sex vikum eftir að hafa fengið myndir og upplýsingar um dótturina voru þau komin með hana í fangið. „Við ákváðum að skilja Magnús Orra eftir heima því við treystum honum ekki í þetta erfiða ferðalagi. Þótt það væri erfiðt að skilja við hann vissum við að hann væri betur kominn hjá ömmu sinni á meðan við sæktum systur hans. Við fengum upplýsingar um Maríu rétt fyrir júlín 2004 og sóttum hana í lok febrúar.“

**Dóttirin vildi ekki sjá mömmu sína**

Ingibjörg og Örn flugu til Pek- ing með níu öðrum börnum. Þaðan lá leiðin til Nanchang og hópurinn varla búinn að koma sér fyrir á hótelinu þegar þau fengu stelpurnar. „Eftir að hafa eytt nokkrum

**Sigrún Þorbergsdóttir** og eiginmaður hennar **Ástþór Vilmar Jóhannsson** ættleiddu dóttur sína frá Kína. Ástrós Elísabet er allt það sem þau óskuðu sér og meira til. Sigrún segir frá ferðalaginu þegar þau hjónin fóru að sækja dótturina til Kína.

# Íslensk en fædd í Kína



Fæðingin Sigrún og Ástþór hitta Ástrósu Elísabetu í fyrsta skiptið.



Fjölskyldan „Það voru ofsalegar tilfinningar sem fóru í gang, bæði hjá okkur og hjá fósturunum þegar þær kvöddu stelpurnar.“



Ástrós Elísabet „Þetta var búíð að vera langt ferli en erfðileikarnir og biðin gleymdust um leið og hún var komin til okkar,“ segir Sigrún.

**V**ið höldum til Peking þann 25. febrúar 2004 og vorum komin með Ástrósu Elísabetu í fangið þann 1. mars,“ segir Sigrún Þorbergsdóttir kennari á Akranesi en hún og eiginmaður hennar, Ástþór Vilmar Jóhannsson, ættleiddu dóttur sína frá Kína. Ástrós Elísabet er allt sem þau óskuðu sér og Sigrún segir þau enn í skjólinum.

**Með fimm öðrum til Kína**

Sigrún og Ástþór fóru í samfloti með fimm öðrum væntanlegum foreldrum að sækja dæturnar til Kína. Eftir að hafa lent í Peking og dvalið þar í 3 daga hélt hópurinn til Guangxi-héraðs og til borgarinnar Nanning. „Það var ótrúlega góð stemning í hópnum og við höldum ennþá góðu sambandi okkar á milli. Við eyddum saman nokkrum dögum í Kína áður en við fengum stelpurnar og höguðum okkur þá eins og ferðamenn, vorum með kínverskan leiðsögumann sem stýrði okkur algjörelga og passaði upp á að við fengum að sjá það helsta sem svæðið hefur upp á að bjóða,“ segir Sigrún þegar hún rifjar upp ferðalagið.

**Þekkti hana strax**

Sigrún segir eftirvæntinguna hafa verið mikla í hópnum og að

þau hafi flestöll tekið svefntöflu kvöldið áður en þau sóttu stelpurnar einfaldlega til að geta sofnað fyrir spenningu. „Við fengum stelpurnar á ættleiðingarskrifstofu og þetta var rosalega flott og formleg athöfn,“ segir hún og tekur undir að um einhvers konar fæðingu sé að ræða. Þarna séu foreldrarinn að fá börnin í fangið í fyrsta skiptið þótt meðgang-ana hafi verið með öðrum hætti en flestir eigi að venjast. „Sex fóstur komu með þær í fanginu og ég þekkti dóttur mína strax,“ segir Sigrún og bætir við það hafi verið svoltið áhyggjuefni í hópnum hvort þau myndu þekkja börnin af myndunum sem þau höfðu fengið á sínum tíma enda stelpurnar allar búnar að stækka.

**Tilfinningarik stund**

„Nöfn okkar og nöfn barnanna voru kallið upp og við fengum dótturina í fangið. Það var engin aðlögun, við þurftum ekki að sjá hana og fara aftur frá henni heldur var hún þarna komin til okkar. Það voru ofsalegar tilfinningar sem fóru í gang, bæði hjá okkur og hjá fósturunum þegar þær kvöddu stelpurnar. Við vorum vel undirbúin og vissum að börnin gætu allt eins grátið eða, eins og í okkar tilfelli, verið alveg passif. Það ylfraði aðeins í Ástrósu Elísabetu

um en sem betur fer þurftum við ekki að nota þau.“

**Allar vel á sig komnar**

Eftir að hafa fengið dótturina í fangið fór litla fjölskyldan upp á hótélherbergi en kom svo aftur á skrifstofuna daginn eftir þar sem hinir nýbókðu foreldrar skrifuðu undir ættleiðingarpappírana. Næst lá leiðin aftur til Peking þar sem við tók mikil skrifinnaska. Sigrún segir hópinn hafa haldið áfram í túristagírnum strax næsta dag eftir að hafa fengið stelpurnar í fangið. „Við höldum að við myndum vera uppi á hótélherbergi næstu daga til að venjast dótturinni en okkar beið stíf en skemmtileg dagskrá að skoða og ferðast. Það skiptir miklu máli fyrir stelpurnar að halda hópinn til að byrja með enda undir miklu álagi og í kringum ókunnugt fólk. Þær komu af sama barnaheimili og ólust upp saman og höfðu jafnvel sofnið hlið við hlið og voru mjög nánar,“ segir Sigrún og bætir við að allar stelpurnar sex hafi verið vel á sig komnar, líkamlega og andlega. „Þær komu af góðu barnaheimili og læknirinn sem var með okkur í för var mjög ánægður með þær. Við vorum viðbúin öllu og höfðum farið út með fulla tösku af lyf-

um en sem betur fer þurftum við ekki að nota þau.“

**Mynd af fullsköpuðu barni**

Ástrós Elísabet var 14 mánaða þegar hún komst í hendur foreldra sinna. Sigrún og Ástþór hófu ættleiðingarferlið í júlí 2002 og því liðu tæp tvö ár þar til þau fengu hana í fangið og Sigrún segir það eðlilegan tíma. „Þetta er mjög löng meðganga,“ segir hún og brosir. „Við fengum myndir og upplýsingar um hana 9. janúar 2004 og urðum að biða í sex vikur í viðbót áður en við lögðum af stað að sækja hana. Þann tíma notuðum við til að tengjast henni og ég gekk með myndina í veskinu og sýndi hana öllum, jafnvel ókunnugum. Maður verður þeir foreldrar sem eignast barn á venjulegan hátt fá sónarmyndir en ekki við. Eftir langa bið fengum við mynd af fullsköpuðu barni.“

**Íslensk en fædd í Kína**

Í dag er Ástrós Elísabet næstum þrjú ára og hálfis árs, hress og kát stelpa. Fjölskyldan heldur sambandi við hinar fjölskyldurnar og Sigrún segir stelpurnar góðar vinur og konur með sterk tengsl sín á milli. Aðspurð segist Sigrún ætla að gera sitt til að hjálpa Ástrósu Elísabetu að halda í kínversku arfleifð-

ina. „Við ætlum að hjálpa henni að kynast Kína og segjum henni eins mikið um hennar uppruna og hún hefur þroska til að meðtaka. Í dag veit hún að hún var eitt sinn litúð barn á barnaheimili í Kína og að mamma hennar og pabbi hafi komið með flugvélinni til að sækja hana. Við reynum líka að undirbúa hana fyrir að vera kölluð „kínverska stelpa“ og segjum henni að hún sé íslensk en að hún hafi fæðst í Kína.“

**Erfðileikarnir gleymast strax**

Sigrún og Ástþór höfðu reynt nokkrar glasfrjóvganir sem ekki tókust áður en þau ákváðu að ættleiða. Hún segir að sú ákvörðun hafi verið stór og að þetta geti verið erfð ákvörðun fyrir marga. „Það er fast í svo mörgum að barnið verði að vera af manns eigin holdi og blóði. Við fengum hins vegar fljótt á tilfinninguna að við höfðum átt hana mjög lengi. Þetta er æðislegt og það er svo frábært að þetta ferli sé til, að ættleiða,“ segir hún og bætir aðspurð við að hún trúu ekki að hún myndi bera sterkari tilfinningar til dótturinnar þótt hún hefði gengið með hana. „Þetta var búíð að vera langt ferli en erfðileikarnir og biðin gleymdust um leið og hún var komin til okkar.“

dögum í Kína fórum við á hótél í Nanchang og aðeins korteri síðar höfðum við fengið stelpurnar. Þetta gerðist allt mjög hratt og maður átt- aði sig ekki alveg á þessu strax,“ segir hún og bætir við að María Rós hafi grátið þegar hún hafi verið komin til þeirra. „Við fórum með hana upp á hótélherbergi til að kynast henni og svo varð ég að ganga frá pappírnum seinna um kvöldið. Þegar ég kom til baka vildi hún ekki sjá mig og hékk utan í manninum mínum. Ég var ekkert að pína hana en þetta var mjög erfitt á köflum. Hún náði hins vegar að venjast mér í rólegheitunum og leitar nú jafnt til okkar beggja.“

**Algjörir gullmolar**

Ingibjörg segir Magnús Orra hafa verið ánægðan að hitta þau aftur sem og nýju systur sína. „Hann varð strax rosalega ánægður með systurina en afbrýðissemín lét á sér kræla innan skamms enda ekkert skritið. Það er ekki auðvelt að hafa verið aðalstjarnan en missa svo flugið. Við reyndum hins vegar að passa að hann fengi að vera með í öllu. Hann hefur alltaf verið góður við hana og í dag eru

þau miklir vinir og mjög nán,“ segir hún en Magnús Orri er 4 og hálfis árs og María Rós tveggja og hálfis árs. „Auðvitað rifast þau inn á milli eins og gengur og gerist en þau eru bæði algjörir gullmolar. Þau eru börnin okkar og ég fann það um leið og ég fékk þau í fangið og ég gæti ekki elskað þau meira.“



Fyrsta myndin af Maríu Ein af myndunum sem Ingibjörg og Örn fengu af Maríu.



Gleðifundir Magnús Orri knúsar litlu systur þegar foreldrar hans og María Rós koma heim frá Kína.



Magnús skíður Magnús Orri skíður. Hér er hann ásamt mómmu sinni og pabba.



Með mómmu María Rós með mómmu sinni á góðri stundu.



Sæt saman Systkinin eru nán og góðir vinir.